

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 22. mars 2012 í máli nr. S-110/2012:

### Ákærvaldið

*(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir aðstoðarsaksóknari)*

**gegn**

**Axel Má Smith,**

*(Björgvin Jónsson hrl.)*

**Kristjáni Halldóri Jenssyni og**

*(Reynir Logi Ólafsson hdl.)*

**Tómasi Pálssyni Eyþórssyni**

*(Bjarni Hauksson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var miðvikudaginn 7. mars 2012, er höfðað samkvæmt ákæru, útgefinni af ríkissaksóknara 13. febrúar 2012, á hendur Axel Má Smith, kt. 000000-0000, Rósaríma 2, Reykjavík, Kristjáni Halldóri Jenssyni, kt. 000000-0000, Vogalandi 12, Reykjavík, og Tómasi Pálssyni Eyþórssyni, kt. 000000-0000, Naustabryggju 12, Reykjavík, fyrir hegningarlaga-, fíkniefnalaga- og vopnalagabrot, sem hér greinir:

1. Gegn ákærðu öllum fyrir tilraun til manndráps með því að hafa, að kvöldi föstudagsins 18. nóvember 2011, farið saman á bifreiðinni AO-N18, sem ákærði Tómas ók, á bifreiðastæði við bifreiðasöluna Höfðahöllina að Tangabryggju 14 í Reykjavík, þar sem ákærði Tómas hafði mælt sér mót við X vegna ágreinings um fjárskuld á milli Tómasar og X. Þegar ákærðu komu á vettvang fóru þeir allir út úr bifreiðinni og gengu að bifreiðinni OV-288, sem X ók og Y var farþegi í, og sparkaði ákærði Tómas í bifreiðina. Er X bakkaði bifreiðinni til að komast undan ákærðu skaut ákærði Kristján Halldór úr haglabyssu einu skoti í áttina að bifreiðinni framanverðri, en hæfði ekki. X ók bifreiðinni á brott en ákærðu veittu honum eftirför á bifreiðinni AO-N18, sem ákærði Tómas ók, frá Tangabryggju um Sævarhöfða að hringtorginu við Bildshöfða, þar sem ákærði Kristján Halldór skaut öðru skoti úr haglabyssunni út um glugga bifreiðarinnar AO-N18 á bifreið X aftanverða, með þeim afleiðingum að afturrúða bifreiðarinnar brotnaði og miklar skemmdir urðu á bifreiðinni, auk þess sem brot úr hagli hafnaði í baki vinstra aftursætis bifreiðarinnar. Eftir árásina tók ákærði Axel Már haglabyssuna með sér

heim. Með þessari háttsemi stofnuðu ákærðu lífi og heilsu X og Y í augljósan háska.

Telst háttsemi ákærða Kristjáns Halldórs varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og háttsemi ákærðu Tómasar og Axels Mús við 211. gr., sbr. 20. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, en til vara við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga að því er varðar ákærða Kristján Halldór og við 4. mgr. 220. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga að því er varðar ákærðu Tómas og Axel Mús.

2. Gegn ákærða Tómasi fyrir vopnalagabrot með því að hafa, að kvöldi föstudagsins 18. nóvember 2011, haft í vörslum sínum í bifreiðinni AO-N18, sem hann hafði þá umráð yfir, einn brúsa af úðavopni og kylfu, sem lögregla fann við leit.

Telst þetta varða við c-lið 2. mgr. og 4. mgr. 30. gr., sbr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

3. Gegn ákærða Kristjáni Halldóri fyrir vopnalagabrot, með því að hafa, mánudaginn 28. nóvember 2011, á heimili sínu að Þórufelli 6 í Reykjavík, haft í vörslum sínum fjóra brúsa af úðavopnum, sem lögregla fann við leit.

Telst þetta varða við 4. mgr. 30. gr., sbr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

4. Gegn ákærða Axel Mús fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa, miðvikudaginn 7. desember 2011, á heimili sínu að Daggurvöllum 4 í Hafnarfirði, haft í vörslum sínum 8,78 g af marjúana, sem lögregla fann við leit.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafist samkvæmt 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998, að ákærðu verði gert að sæta upptöku á fimm úðavopnum og kylfu, sem lögregla fann við leit, sbr.

2. og 3. ákærulið, og á 8,78 grömmum af marjúana, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. 4. ákærulið.

Af hálfu Y, er gerð sú krafa á hendur ákærðu að þeir verði dæmdir sameiginlega til að greiða brotþola miskabætur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð 1.200.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 18. nóvember 2011, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. sömu laga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærðu verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, sbr. 48. gr. og 216. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Við aðalmeðferð málsins féll X frá skaðabótakröfu á hendur ákærðu.

Verjandi ákærða Axels Más Smith krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af 1. ákærulið, en dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa vegna þess brots er í 4. ákærulið greinir. Til vara er þess krafist að ákærða verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa, sem jafnframt verði bundin skilorði að öllu leyti eða hluta og að gæsluvarðahaldsvist sem ákærði hefur sætt komi að fullu til frádráttar refsingu. Þá er krafist frávísunar skaðabótakröfu, til vara að ákærði verði sýknaður af bótakröfu, en til þrautavara að bótakrafa sæti verulegri lækkun. Loks krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Verjandi ákærða Kristjáns Halldórs Jenssonar krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af 1. ákærulið, en dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa vegna þess brots er í 3. ákærulið greinir. Til vara er þess krafist að háttsemi ákærða samkvæmt 1. ákærulið verði talin varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga, að ákærða verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa og að gæsluvarðahaldsvist sem ákærði hefur sætt komi að fullu til frádráttar refsingu. Þá er krafist frávísunar skaðabótakröfu, til vara að ákærði verði sýknaður af bótakröfu, en til þrautavara að bótakrafa sæti verulegri lækkun. Loks krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Verjandi ákærða Tómasar Pálssonar Eypórssonar krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af 1. ákærulið, en dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa vegna þess brots er í 2. ákærulið greinir. Til vara er þess krafist að ákærða verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa og að gæsluvarðahaldsvist sem ákærði hefur sætt komi að fullu til frádráttar refsingu. Þá er krafist frávísunar skaðabótakröfu, en til vara að bótakrafa sæti verulegri lækkun. Loks krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

## **Málsatvik**

Föstudaginn 18. nóvember 2011, klukkan 19:57, barst lögreglu tilkynning um að skotið hefði verið af haglabyssu á bifreið við Tangabryggju í Reykjavík. Skömmu síðar kom X akandi að lögreglustöðinni á bifreiðinni OV-288 af Saab-gerð og reyndust voru skotfór á bifreiðinni og afturrúða brotin. Kvaðst X hafa mælt sér mót við ákærða Tómas Pálsson Eyþórsson á bifreiðastæði við bifreiðasölu að Tangabryggju 14. Þegar þangað kom hefðu tvær bifreiðar verið á bifreiðastæðinu, grá BMW-bifreið og dökk skutbifreið. Tómas hefði verið ökumaður BMW-bifreiðarinnar og hefði hann ekið í veg fyrir bifreið X. Hann hefði síðan stigið út úr bifreiðinni, ásamt tveimur mönnum, íklæddum hettupeysum, með hulin andlit og hefði annar þeirra haldið á haglabyssu, sennilega afsagaðri. Hefði Tómas verið mjög æstur og sparkað í bifreið X. Kvaðst X hafa ekið bifreið sinni aftur á bak, en þegar hann hefði verið kominn í um 20 m fjarlægð hefði sá sem hélt á byssunni hleypt af henni og skot hæft bifreiðina framanverða. X kvaðst hafa ekið á brott, en BMW-bifreiðin fylgt á eftir og hefði ökumaður hennar tvívegis reynt að aka fram úr bifreið hans og í veg fyrir hana. Hann hefði ekið bifreiðinni um Bíldshöfða og um hringtorg á móts við Sæbraut, en þá hefði aftur verið skotið á bifreiðina og afturrúða brotnað við það. Kvaðst X hafa beygt inn á Sæbraut, en BMW-bifreiðinni verið ekið áfram eftir Bíldshöfða. Við skýrslutöku hjá lögreglu 20. nóvember upplýsti X að Y hefði verið með honum í bifreiðinni. Hann kvaðst hafa hleypt Y út úr bifreiðinni áður en hann kom á lögreglustöðina, en þeir hefðu ákveðið í flýti að halda honum utan við málið. X kvað þá Tómas hafa deilt um peningamál, en Tómas skuldaði sér fé. Hefði komið til rýsinga á milli þeirra vegna þessa tveimur dögum fyrir atvikið.

Í skýrslu tæknideildar lögreglu um rannsókn á bifreiðinni OV-288 kemur fram að ummerki eftir haglaskot hafi verið aftan á bifreiðinni, hægra megin. Voru skotfór á svæði frá hægra afturhorni bifreiðarinnar niður að afturhlera við stuðara. Þá mátti sjá ákomu efir högl á afturrúðuburrku. Reyndust fór eftir högl vera 161 talsins, en af því megi álykta að notuð hafi verið skot númer 4 til 5 með hleðsluþyngdinni 36 g eða 42 g. Var það niðurstaða rannsóknarinnar, miðað við hagladreifingu, að skotið hefði verið á bifreiðina af 12 til 18 m færi. Skýrslunni fylgja ljósmyndir af bifreiðinni, þar sem m.a. sést málmögn á aftanverðu baki vinstra aftursætis, ætlað brot úr hagli. Þá kemur fram í skýrslunni að lögreglumenn hafi fundið forhlað úr haglabyssuskoti á Bíldshöfða vestan við hringtorg við Sævarhöfða. Sams konar forhlað hafi fundist á bifreiðastæðinu við Tangabryggju 14.

Sama kvöld og tilkynnt var um skotárásina barst lögreglu tilkynning um mannlausa bifreið á bifreiðastæði við bifreiðasölu við Bíldshöfða og kom lýsing bifreiðarinnar heim og saman við lýsingu X á bifreiðinni sem árásarmennirnir hefðu ekið. Um var að ræða gráa BMW-bifreið og kemur fram í skýrslu lögreglu að upplýsingar hafi legið fyrir um að ákærði Tómas hafi haft afnot af bifreiðinni á þessum tíma. Í bifreiðinni fundust hafnarboltakylfa og brúsi með gasúða.

Ákærði Tómas gaf sig fram við lögreglu sunnudaginn 20. nóvember. Við yfirheyrslu kvaðst ákærði hafa skuldað X fé og hefði þá greint á um fjárhæð skuldarinnar. Hefði X haft í hótunum við hann vegna þessa. Ákærði kvaðst hafa leitað ásjár erlends vinar síns vegna málsins og hefði hann fyrir milligöngu þessa manns sótt tvo menn í Árbæjarhverfi á milli klukkan 18 og 19 föstudaginn 18. nóvember. Mennirnir hefðu verið með „buff“ eða kúrekaklút fyrir andliti og hefði annar þeirra talað íslensku. Hann hefði séð að þeir höfðu tvær kylfur meðferðis.

Ákærði kvaðst hafa hringt til X og mælt sér mót við hann í bryggjuhverfinu. Hann kvaðst hafa verið reiður og þegar hann kom á mótsstaðinn hefði hann gengið að bifreið X og sparkað í hana. Kvaðst ákærði síðan hafa heyrt hvell, en ekki vitað hver væri orsök hans. Hann hefði farið í bifreið sína á ný og ekið á eftir bifreið X. Þegar hann hefði verið kominn að hringtorgi hefði hann heyrt annan hvell. Hann hefði stöðvað bifreiðina skömmu síðar og hleypt mönnunum út. Ákærði sagði mennina hafa átt að gæta þess að X ynni honum ekki mein, en hann hefði ekki beðið þá um að gera X neitt. Hann hefði aðeins ætlað að ræða við X. Ákærði var yfirheyrður nokkrum sinnum, m.a. um aðild meðákærðu að málinu, og neitaði hann ítrekað að þeir ættu hlut að máli.

Við yfirheyrslu 13. desember kvaðst ákærði vilja breyta framburði sínum. Kvað hann ákærða Kristján Halldór hafa farið með sér að hitta X í umrætt sinn, ásamt manni að nafni Axel, sem þeir hefðu sótt að Daggarvöllum í Hafnarfirði. Ákærði kvaðst hafa ekið í veg fyrir bifreið X þegar þeir komu á fundarstaðinn, en hann hefði ætlað að ná tali af X. Hefðu ákærðu allir stigið út úr bifreiðinni og gengið að bifreið X og kvaðst ákærði hafa sparkað í spegil bifreiðarinnar. X hefði þá ekið bifreiðinni aftur á bak. Kvaðst ákærði hafa heyrt hvell, en ekki gert sér grein fyrir því í fyrstu frá hverju hann stafaði. Þeir hefðu farið aftur inn í bifreiðina og ekið greitt á eftir bifreið X. Í sömu mund og X beygði í átt að Sæbraut kvaðst ákærði hafa orðið var við að afturrúðu bifreiðarinnar hefði verið rennt niður og hefði hann séð Kristján Halldór teygja byssu út úr bifreiðinni og skjóta í átt að bifreið X. Ákærði kvaðst hafa ákveðið að hætta eftirförinni og hefði hann ekið áfram, en numið staðar við bifreiðaumboð við Bíldshöfða. Þar hefði beðið þeirra önnur bifreið og hefðu þeir farið yfir í hana og Axel Mía verið ekið heim. Hefði Axel tekið byssuna með sér þegar hann yfirgaf bifreiðina. Síðar um nóttina hefði þeim Kristjáni Halldóri verið ekið upp í sveit, þar sem þeir hefðu dvalið um helgina. Ákærði kvaðst síðan hafa ákveðið að gefa sig fram við lögreglu á sunnudeginum og hefði hann farið á lögreglustöð í fylgd lögmanns síns.

Ákærði kvaðst hafa beðið Kristján Halldór um að hjálpa sér og hefði Kristján hringt í Axel Mía, og fengið hann til að koma með þeim. Þeir Sigurpáll Óskar Vilhjálmsson hefðu verið saman á bifreið Sigurpáls og hefðu þeir farið að sækja Kristján Halldór í íbúð við Strandveg í Garðabæ. Hefði Kristján Halldór haft tösku meðferðis þegar hann kom með þeim, en þeir hefðu síðan farið að sækja Axel Mía. Sigurpáll hefði síðan ekið þeim að heimili Tómasar í bryggjuhverfinu í Grafarvogi og skilið við þá þar. Ákærði kvaðst hafa hringt til X og mælt sér mót við hann á bifreiðastæðinu við Tangabryggju. Þeir hefðu síðan ekið þangað, svo sem fyrr greinir. Ákærði kvað Kristján Halldór hafa skotið af byssunni í bæði skiptin. Hann kvaðst hafa séð þessa byssu hjá Kristjáni Halldóri á fimmtudeginum, en ekki vitað að hann hefði haft hana með sér. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað að skotvopn væri meðferðis þegar þeir fóru að hitta X. Hann kvaðst hafa ætlað að fá X yfir í bifreiðina til sín og kýla hann einhver högg og hefði hann fengið meðákærðu með sér sem liðsstyrk. Hann hefði gert þetta þar sem X hefði áður haft í hótunum við hann vegna skuldamála.

Ákærði Kristján Halldór var handtekinn 28. nóvember og ákærði Axel Mía 7. desember. Ákærðu neituðu aðild að málinu við yfirheyrslur hjá lögreglu og kváðust ekki hafa verið á vettvangi skotárásarinnar.

Lögregla lagði hald á tvær afsagaðar haglabyssur við rannsókn málsins, í geymslu á heimili Ragnars Davíðs Bjarnasonar og í bílskúr við Vesturberg í Breiðholti, þar sem Bergur Már Ágústsson hafði aðstöðu. Ekki var staðreynt við rannsókn lögreglu að vopnin hefðu verið notuð við skotárásina.

Fyrir liggur myndband með upptöku úr öryggismyndavél við bifreiðastæðið að Tangabryggju 14, en ákærðu báru kennsl á sig á upptökunni við aðalmeðferð málsins. Á myndbandinu sést bifreiðin AO-N18 á bifreiðastæðinu og skömmu síðar er bifreiðinni OV-288 ekið um stæðið að hinni bifreiðinni, sem þá er í hvarfi frá myndavélinni. Sést hvar ákærðu ganga að bifreiðinni OV-288, ákærði Tómas fremstur og sparkar hann í bifreiðina. Á eftir Tómasi gengur ákærði Kristján Halldór og sést að hann beinir haglabyssu að bifreiðinni, sem er ekið aftur á bak á mikilli ferð, en ákærði skýtur af byssunni eftir að bifreiðin er komin út úr mynd. Á myndbandinu sést ákærði Axel Már koma í humátt á eftir meðákærðu, en ákærðu hraða sér síðan inn í bifreiðina eftir að skotið riður af.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna við aðalmeðferð málsins.

Ákærði, *Tómas Pálsson Eyþórsson*, kvaðst hafa mælt sér mót við X við Tangabryggju 14 að kvöldi föstudagsins 18. nóvember í því skyni að ræða við hann um skuldamál sín. Ákærði kvaðst hafa skuldað X 140.000 krónur. Miðvikudagskvöldið 16. nóvember hefði hann hitt X og greitt honum 100.000 krónur. X hefði brugðist reiður við og sagt honum að skuldin hefði hækkað í 500.000 krónur. Hefði X gefið honum tveggja daga frest til að borga fyrri afborgun af skuldinni, en viku til að greiða eftirstöðvarnar. X hefði hóttað honum líkamsmeiðingum ef hann greiddi ekki og sagt honum að hann myndi finna hann hvar sem hann reyndi að fela sig. Ákærði kvaðst hafa verið mjög langt niðri vegna þessa og hefði hann íhugað sjálfsvíg. Hann hefði borið sig upp við Sigurpál Óskar Vilhjálmsson, vin sinn, og hefðu þeir rætt við Stefán Þór Ólafsson, sameiginlegan vin þeirra Kristjáns Halldórs Jenssonar, sem hefði haft milligöngu um að Kristján Halldór aðstoðaði hann vegna málsins. Ákærði kvaðst hafa hitt Kristján Halldór á veitingastað á fimmtudagskvöldinu og hefðu þeir komið sér saman um að Kristján Halldór myndi koma með honum að hitta X til að aðstoða hann við að losna við þessa skuld. Hefði hann lofað Kristjáni Halldóri að hann fengi greitt því sem nam helmingi af upphaflegri skuld sinni við X fyrir vikið. Ákærði kvaðst hafa haft samband við Kristján Halldór eftir hádegi daginn eftir og hefðu þeir Sigurpáll farið að hitta hann þar sem hann dvaldi í íbúð í bryggjuhverfinu í Garðabæ. Þar hefðu einnig verið vinkona Kristjáns Halldórs, Arna Dögg Gunnlaugsdóttir, og tveir piltar. Kristján Halldór hefði komið með þeim Sigurpáli og hefði hann haft svarta ípróttatösku með sér. Þegar hann var kominn út í bifreið Sigurpáls hefði hann haft á orði að hann þyrfti að hafa einhvern með sér og hringt í Axel Má. Kristján Halldór hefði ekki rætt það sérstaklega við Axel Má hvað stæði til, en hann hefði í framhaldinu verið sóttur á heimili sitt í Hafnarfirði.

Ákærði kvaðst síðan hafa mælt sér mót við X og hefðu þeir farið að hitta hann á bifreið sem ákærði hafði í láni. Hefði hann ekið bifreiðinni, en meðákærðu setið í aftursætinu. Ekkert hefði verið rætt um tilgang ferðarinnar í bifreiðinni. Þegar þeir komu á fundarstaðinn hefði hann yfirgefið bifreiðina og ætlað að tala við X, en hann hefði séð að annar maður var með honum í bifreiðinni. X hefði verið

búinn að læsa dyrum bifreiðarinnar og kvaðst ákærði þá hafa sparkað í bifreiðina, en X hefði þá byrjað að bakka henni. Ákærði kvaðst hafa snúið við og ætlað aftur í bifreið sína, en hann hefði þá heyrt einhvern hvell. Þeir hefðu farið aftur í bifreiðina og eltingarleikur upphafist. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreiðinni og hefðu meðákærðu setið í aftursæti. Ekki hefði verið mikið rætt í bifreiðinni meðan á eftirförinni stóð, en ákærði kvaðst hafa gætt þess að hafa nægilega langt á milli bifreiðanna til að lenda ekki aftan á bifreið X ef hann hemlaði snögg. Þegar þeir komu inn á hringtorgið kvaðst ákærði hafa séð Kristján Halldór skjóta af byssunni, en þeir hefðu þá verið í um 20 til 30 m fjarlægð frá bifreið X. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við byssuna fyrr, en hann hefði áttað sig á því frá hverju hvellurinn sem hann heyrði áður stafaði. Þetta hefði verið afsöguð haglabýssa. Þeir hefðu hætt eftirförinni og hefði Kristján Halldór fyrirskipað honum að aka að Hlöllabátum. Þar hefðu piltarnir tveir, sem voru í íbúðinni í Garðabæ fyrr um daginn, beðið þeirra á bifreið og ekið þeim á brott. Ákærði kvað Axel Mára hafa tekið byssuna með sér þegar hann yfirgaf bifreiðina við heimili sitt.

Ákærði kvað ekkert hafa verið rætt um að taka byssu með á stefnumóti við X. Hann hefði ætlað að ræða við X og hefði sennilega „skilað honum einhverjum af höggunum“, sem X hefði veitt honum á miðvikudagskvöldinu. Hann kvaðst þó hafa séð Kristján Halldór handleika byssuna á fimmtudagskvöldinu. Þeir hefðu þá verið í samkvæmi í bílskúr í Breiðholti. Hann kvaðst ekki hafa séð Kristján Halldór taka byssuna með sér þaðan, en hún hefði litið eins út og sú sem hann notaði við skotárásina.

Ákærði kvaðst ekki minnst þess að neitt hefði verið rætt við Axel Mára um ástæðu fundarins með X. Kristján hefði hringt í Axel Mára og sagt við hann að hann þarfnast aðstoðar og að þeir væru að koma að sækja hann. Þeir hefðu ekið að heimili Axels Márs og hann komið út í bifreiðina til þeirra. Ekkert hefði verið rætt um það á leiðinni að Tangabryggju hvað stæði til. Þá kvaðst ákærði ekki minnst þess að Axel Mára segði neitt meðan á eftirförinni stóð.

Ákærði, *Axel Mára Smith*, viðurkenndi að hafa verið á vettvangi skotárásarinnar við Tangabryggju í umrætt sinn. Ákærði kvaðst hafa fengið símtal frá Kristjáni Halldóri, sem hefði beðið hann um að veita sér „smá hjálp“. Hefði Kristján Halldór beðið hann um að vera „back up“ fyrir sig. Ákærði kvað meðákærðu og Sigurpál hafa sótt sig skömmu síðar. Hefði verið rætt um það í bifreiðinni að til stæði að ræða við einhverja stráka sem hefðu verið að kúga Tómas. Hefði verið rætt um að þeir þyrftu að „streighta þessa gæja til“ og að hann ætti að vera „back up“. Þeir hefðu farið heim til Tómasar, sem hefði náð símasambandi við þann sem hann taldi sig eiga sökótt við og hefðu þeir mælt sér mót. Þeir hefðu farið á fundarstaðinn og hefði Tómas ekið bifreiðinni, en þeir Kristján setið í aftursæti. Er þeir komu að bifreiðasölunni við Tangabryggju hefði Tómas öskrað: „Allir út“. Ákærði kvaðst þá hafa dregið bolinn upp fyrir nef, farið út úr bifreiðinni og stigið tvö eða þrjú skref, en þá heyrt háan hvell og hlaupið aftur inn í bifreiðina. Hann hefði sest í aftursætið, en Kristján Halldór setið fram í við hlið Tómasar og hefði upphafist mikill eltingaleikur. Hefði Kristján Halldór beðið Tómas um að aka ekki of nálægt hinni bifreiðinni, ef ökumaðurinn skyldi hemla. Tómas hefði ekið mjög hratt og nokkrum sinnum reynt að komast fram úr hinni bifreiðinni. Þeir hefðu síðan komið að hringtorginu og hefði Tómas þá öskrað á Kristján Halldór: „Skjóttu - hittu bílinn“. Hefði Kristján Halldór þá hleypt af byssunni. Hin bifreiðin hefði þá verið við brúna eða á henni. Þeir hefðu síðan ekið

að bifreiðasölu skammt frá, en þar hefðu yngri bróðir Kristjáns Halldórs og annar piltur beðið þeirra á annarri bifreið og hefði honum verið ekið heim. Ekkert hefði verið rætt um það áður að fyrirhugað væri að skipta um bifreið. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið byssuna með sér þegar hann yfirgaf bifreiðina. Kristján Halldór hefði beðið hann um það, en hann hefði hrist höfuðið til marks um að hann vildi það ekki. Kristján hefði síðar sagt honum að hann hefði hent byssunni í sjóinn.

Ákærði kvaðst nokkurn veginn hafa áttað sig á því hvað hefði gerst þegar hvellurinn heyrðist við Tangabryggju. Hann hefði litið til Kristjáns Halldórs þegar hann heyrði hvellinn, séð glitta í eitthvað, og gert sér grein fyrir því að það var byssa, sem hafði verið skotið af. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við byssuna fyrr. Hann kvaðst hafa farið inn í bifreiðina því að hann hefði ekki vitað hvað hann ætti annað að gera. Þegar þeir komu að hringtorginu hefði hann síðan séð Kristján Halldór taka byssuna undan erminni og skjóta út um gluggann. Kristján Halldór hefði verið með byssuna í bandi yfir hægri öxl og hefði hún legið niður með síðu hans. Hann kvaðst ekkert hafa orðið var við byssuna þegar þeir Kristján Halldór sátu saman í aftursætinu á leiðinni að Tangabryggju.

Ákærði kvaðst hafa verið í þeirri trú að þeir væru að fara til fundar við þennan mann til að ógna honum, í mesta lagi myndi Tómas slá hann. Hann hefði sett bolinn fyrir andlit sér til að vera ógnvekjandi. Hann kvað bifreiðina hafa verið komna í verulega fjarlægð þegar skotið reið af við Tangabryggju, eða út í enda bifreiðastæðisins. Þegar síðara skotið reið af hefði bifreið ákærðu verið komin að hringtorginu, en hin bifreiðin hefði verið á brúnni og við það að „detta af henni“.

Ákærði, *Kristján Halldór Jensson*, kvað Tómas hafa komið að máli við sig á fimmtudagskvöldinu og sagst vera í vandræðum vegna manns sem væri að ganga á hann með skuld og hefði beitt hann ofbeldi til að kúga af honum fé. Þeir hefðu hist á bar til að ræða málin og hefði Tómas viljað „ganga í manninn með hörku“, þ.e. beita hann ofbeldi. Kvaðst Kristján Halldór hafa rætt það við Tómas að hræða manninn svo að hann léti af háttsemi sinni. Ákærði kvað þá Tómas hafa farið af barnum í bílskúr uppi í Breiðholti, en þar hafi þessi byssa verið geymd, og hefðu þeir verið að handleika hana um nóttina. Hefðu þeir ákveðið að „taka þessa byssu með fyrir þetta“. Daginn eftir hefði Tómas haft samband og spurt hvort hægt væri að „ganga í þetta“. Hefðu Tómas og Sigurpáll komið að sækja hann þar sem hann dvaldi hjá vinkonu sinni í Garðabæ. Hann hefði síðan hringt í Axel Mára og beðið hann um að hjálpa sér. Axel Mára hefði átt að vera til aðstoðar og vera á svæðinu ef X kæmi með fleiri menn með sér til fundarins. Annars hefði ekki verið gert ráð fyrir því að Axel Mára kæmi út úr bifreiðinni.

Ákærði kvað byssuna hafa verið geymda á heimili Tómasar og hefðu þeir tekið hana með sér, eftir að Tómas hafði mælt sér mót við X. Hann kvaðst hafa setið aftur í bifreiðinni á leiðinni að bifreiðasölu við Tangabryggju og hefði hann haft byssuna inni á sér. Hann hefði verið búinn að hlaða hana heima hjá Tómasi. Hann tók fram að Axel Mára hefði ekki séð byssuna. Ákærði kvað Tómas síðan hafa kallað að þeir væru komnir og hefði hann rokið út úr bifreiðinni og í bifreið X. Ákærði hefði farið á eftir honum og tekið haglabyssuna fram. Hann hefði stigið út úr bifreiðinni, séð bifreið X og beint byssunni að henni. Hefði X bakkað bifreiðinni með miklum hraða. Kvaðst ákærði hafa leyft honum að bakka í hæfilega fjarlægð áður en hann mundaði byssuna og skaut einu skoti yfir bifreiðina. Þeir hefðu síðan farið aftur inn í bifreiðina og veitt X og félagan hans eftirför. Hefði tilgangurinn með

eftirförinni verið að hræða mennina. Ákærði kvaðst hafa setið í framsæti bifreiðarinnar og hefði hann sagt Tómasi að halda sig í hæfilegri fjarlægð frá hinni bifreiðinni svo að hann myndi ekki aka á hana. Hefði Tómas reynt að taka fram úr og sveigja fyrir bifreiðina. Við hringtorgið hefði Tómas sagt honum að skjóta og hitta bifreiðina. Hefði Tómas stöðvað alveg við hringtorgið, og kvaðst ákærði hafa teygt byssuna út um gluggann og skotið í afturljós bifreiðar X, sem þá hefði verið á brúnni. Þeir hefðu síðan hætt eftirförinni og farið yfir í bifreið sem bróðir ákærða ók af vettvangi. Ákærði kvaðst hafa beðið Axel Má um að taka byssuna með sér þegar hann yfirgaf bifreiðina, en Axel hefði neitað því.

Ákærði kvaðst hafa verið með hálsklút, sem hann hefði dregið fyrir andlit sitt svo að hann þekktist ekki. Hann kvaðst ekki hafa ætlað að slasa neinn og hefði hann notað hálfgerð leirdúfuskot við verkið. Hann viðurkenndi að hafa miðað á bifreiðina við Tangabryggju, en kvaðst hafa beint byssunni yfir bifreiðina þegar hann skaut. Ætlunin hefði verið að skjóta einu „hræðsluskoti“, ekki hefði átt að slasa neinn. Hann hefði verið viss um að skotið myndi fara yfir bifreiðina. Hann hefði miðað á afturhlera bifreiðarinnar þegar hann skaut í síðara skiptið. Bifreiðin hefði verið í 25 til 30 m fjarlægð og kvaðst ákærði hafa vitað að höglin myndu ekki drífa inn í hana.

Ákærði kvaðst hafa haft byssuna inni í peysuermi sinni, undir handleggnum, í bifreiðinni á leiðinni að Tangabryggju. Hún hefði hangið í ól yfir hægri öxl hans innanklæða. Þeir Tómas hefðu vitað að hann hafði byssuna meðferðis, en ekki Axel Már. Ákærði kvaðst svo hafa gripið byssuna fram þegar hann kom út á bifreiðastæðið og hefði hann náð henni auðveldlega fram þótt hún væri innanklæða.

Vitnið, X, bar fyrir sig minnisleysi um atvik er hann kom fyrir dóminn. Vitnið kvaðst ekki geta lýst atvikum í umrætt sinn og kvað ekki rifjast upp fyrir sér þegar lögregluskýrslur hans voru bornar undir hann. Vitnið kannaðist þó við að hafa kært atvikið til lögreglu og kvað kærana ekki vera ranga.

Vitnið, Y, kvað X hafa hringt til sín og sagst vera skelkaður. Hefði hann sagt að hann hefði mælt sér mót við mann í Grafarvogi og að „það væri verið að setja hann upp“. Vitnið kvaðst hafa slegist í för með X og hefðu þeir ekið á mótsstaðinn. Þegar þangað kom hefði bifreið verið þar fyrir, sem hefði verið ekið í veg fyrir bifreið X. Þrír menn hefðu komið hlaupandi út úr bifreiðinni og hefði einn þeirra sparkað í bifreið X. Hinir mennirnir tveir hefðu verið grímuklæddir og hefði annar þeirra haldið á haglabyssu, en hinn á járnörri eða einhverju slíku. Sá sem hélt á byssunni hefði beint henni að þeim. X hefði bakkað og maðurinn skotið í átt að bifreiðinni. Vitnið treysti sér ekki til að segja til um hve langt þeir höfðu bakkað þegar skotið reið af. Mennirnir hefðu elt þá af vettvangi og reynt að taka fram úr þeim á leiðinni. Hefði skotmaðurinn sest aftur í bifreiðina áður en henni var ekið af stað. Bifreiðunum hefði verið ekið með miklum hraða. Þegar þeir X voru að taka beygjuna út af hringtorginu við bifreiðaumboð Ingvars Helgasonar hefði verið skotið á bifreiðina. Hin bifreiðin hefði verið alveg við hringtorgið þegar skotið reið af.

Vitnið, *Sigurpáll Óskar Vilhjálmsson*, kvað ákærða Tómas hafa verið mjög miður sín yfir því að einhver maður væri að kúga af honum fé, sem nam hálfri milljón króna, og hefði hann leitað til gamals kunningja síns, ákærða Kristjáns Halldórs, vegna málsins. Vitnið kvaðst hafa heyrt ákærðu ræða um að hræða

þennan mann, en ekki hafi staðið til að beita ofbeldi. Hann kvaðst hafa farið með Tómasi að sækja Kristján Halldór í Garðabæ á föstudeginum og hefðu þeir síðan sótt annan mann í Hafnarfirði. Hann hefði skutlað þeim heim til Tómasar í bryggjuhverfinu í Grafarvogi og hefðu þeir verið að tala um að fara að hitta manninn sem Tómas skuldaði. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið var við að ákærðu hefðu byssu eða önnur vopn meðferðis.

Vitnið, *Arna Dögg Gunnlaugsdóttir*, kvaðst hafa verið með Kristjáni Halldóri í íbúð í bryggjuhverfinu í Garðabæ á föstudeginum þegar Tómas og Sigurpáll komu þangað. Yngri bróðir Kristjáns Halldórs og vinur hans hefðu verið þarna líka. Tómas hefði verið að biðja Kristján Halldór um hjálp vegna einhvers stráks sem hann var í „veseni með“. Hefði Tómas verið æstur og viljað láta „ganga frá“ honum, en Kristján Halldór verið „slakur“ og frekar viljað hræða hann. Vitnið kvaðst hafa farið með Guðmundi Njáli Þórðarsyni í heimsókn á bæ í Lundareykjadal síðar um helgina, en Tómas og Kristján Halldór hefðu þá dvalið þar. Hefði Tómas komið með þeim til baka í bæinn. Ekkert hefði verið rætt um skotárásina í umrætt sinn.

Vitnið, *Halldór Rafn Bjarnason*, kvaðst hafa verið með vini sínum Ólafi Inga Kristjánssyni, bróður ákærða Kristjáns Halldórs, á föstudeginum og hefðu þeir komið við í íbúð í Garðabæ þar sem Kristján Halldór og Tómas voru fyrir. Hann kvaðst ekki hafa heyrt hvað þeir ræddu, en þeir Ólafur hefðu staðið stutt við. Ólafur hefði verið á hvíttri bifreið, sem hann hefði fengið að láni, og hefði Kristján Halldór beðið hann um að sækja sig við Hlöllabáta. Vitnið kvað þá hafa verið að fá sér að borða við Hlöllabáta þegar þrír menn hefðu skyndilega komið inn í bifreiðina og sagt þeim að aka á brott. Honum hefði brugðið mjög við þetta og kvaðst hann ekki muna eftir orðaskiptum í bifreiðinni eða hvert var ekið. Vitnið kvaðst ekki hafa séð byssu í bifreiðinni.

Vitnið, *Bragi Rúnar Jónsson*, kvaðst hafa ekið ákærðu Tómasi og Kristjáni Halldóri upp í Lundareykjadal á laugardagsmorgninum og vitnið, *Guðmundur Njáll Þórðarson*, kvaðst hafa sótt Tómas þangað á sunnudeginum. Hvorugt vitnanna kvaðst hafa heyrt minnst á skotárás. Guðmundur, sem kvaðst vera góður vinur Kristjáns Halldórs, sagði Tómas hafa verið ánægðan og stoltan yfir einhverju sem hefði átt sér stað.

Vitnin, *Friðrik Johnson* og *Alma Rós Ágústsdóttir*, húsráðendur að Melgerði í Lundareykjadal, sögðu Kristján Halldór og Tómas hafa dvalið hjá þeim þessa helgi. Friðrik, sem kvaðst vera æskuvinur Kristjáns Halldórs, sagðist þó ekki vera með tímasetningar á hreinu, en hann hefði verið undir áhrifum áfengis er þetta var. Vitnin kváðu Tómas hafa verið að gorta af því sem hefði átt sér stað og hefði hann virst stoltur af því sem hefði gerst, en gátu ekki lýst því nánar hvernig það hefði komið fram eða orðaskiptum í því sambandi.

Vitnið, *Stefán Þór Ólafsson*, kvað ákærða Tómas og Sigurpál hafa rætt við sig nokkrum dögum fyrir skotárásina. Hefði Tómas verið miður sín og sagt að allt væri búið og að hann yrði að leita sér aðstoðar. Kvaðst vitnið hafa látið Tómas fá símanúmer Kristjáns Halldórs, en þeir væru báðir vinir hans.

Vitnið, *Ragnar Davíð Bjarnason*, var spurður um samskipti við ákærðu Kristján og Tómas eftir skotárásina, en hann kvaðst ekki vera viss um hvenær þeir komu til

hans. Þeir hefðu ekkert rætt um skorárásina við hann. Vitnið vísaði því alfarið á bug að byssa sem fannst við leit á heimili hans tengdist málinu.

Vitnin, *Ólafur Ingi Kristjánsson*, bróðir ákærða Kristjáns Halldórs og *Alma Gunnarsdóttir* og *Emma Lovísa Diego*, sambýliskonur ákærðu Kristjáns Halldórs og Axels, skoruðust undan því að gefa skýrslu fyrir dómnum.

Vitnið, *Guðmundur Tómasson*, rannsóknarlögreglumaður gerði grein fyrir rannsókn á forhlöðum úr haglabyssu sem fundust á vettvangi og rannsókn á bifreiðinni OV-288. Vitnið kvað þrjár málmagnir hafa fundist inni í bifreiðinni, þ.m.t. ein á aftanverðu farþegasæti. Hefði verið talið að um væri að ræða agnir úr höglum, en það hefði ekki verið rannsakað frekar. Vitnið kvað ágiskun um að skotið hefði verið úr 15 m fjarlægð (+/- 3 m) á bifreiðina hafa byggst á dreifingu hagla, miðað við stærð hagla sem talið var að hefðu verið notuð. Tók vitnið fram að margar breytur gætu haft áhrif á niðurstöðu þessara útreikninga. Þá kvaðst vitnið ekki geta sagt til um hvaða áhrif það myndi hafa á útreikning á svonefndu öryggissvæði, að skot mætti fyrirstöðu eins og rúðu í bifreið. Ekki hefði verið rannsakað hvaða áhrif slík fyrirstaða myndi hafa á skot af þessu færi.

Vitnið, *Jóhann Vilhjálmsson*, byssusmiður og leiðbeinandi um notkun skotvopna, kvaðst hafa reiknað út með hliðsjón af ljósmynd af bifreiðinni OV-288 að skotið hefði verið af 12 til 18 m færi. Unnt væri að finna vegalengdina nokkurn veginn út með því að skoða dreifingu haglanna. Gengið hefði verið út frá því að skotið hefði verið af afsagaðri haglabyssu, þ.e. óþrengdri. Vitnið vísaði til útreiknings á öryggissvæði, sem gerð er grein fyrir í skýrslu tæknideildar. Hann kvað 12 til 18 m teljast stutt færi og stafi mikil hætta af skoti af minna en 20 m færi. Hann kvaðst ekki geta sagt til um hvaða áhrif fyrirstaða af rúðu hefði í þessu sambandi. Vitnið kvað haglabyssu með fullri þrengingu skila 70% hagladreifingu, en óþrengd byssa 40%. Hafi verið gengið út frá því við rannsóknina að byssan sem skotið var af hefði verið óþrengd og mat á fjarlægð sem skotið hefði verið úr tæki mið af því. Vitninu var kynnt að ákærðu hefðu borið að skotið hefði verið af 25 til 30 m færi. Áréttaði vitnið að miðað við dreifingu haglanna teldi hann að skotið hefði verið af styttra færi, eða sem næmi 12 til 18 m.

Þá komu fyrir dóminn sem vitni lögreglumennirnir *Sigurður Ingi Eiríksson*, sem ritaði frumskýrslu í málinu, og *Jóhann B. Skúlason*, sem einnig kom að rannsókn málsins í upphafi. Vitnin staðfestu skýrslur sínar í málinu. Loks kom *Snorri Örn Arnason*, sérfræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, fyrir dóminn sem vitni og gerði grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á staðsetningu símanúmera, en greinargerð vitnisins um þá rannsókn liggur fyrir í málinu.

## Niðurstaða

### *Ákæruliður 1*

Ákærði Kristján Halldór hefur viðurkennt að hafa skotið tvívegis af afsagaðri haglabyssu að bifreiðinni OV-288, sem í ákæru greinir. Kvaðst ákærði

hafa beint byssunni yfir bifreið X er hann skaut fyrri skotinu, en miðað á afturhlera hennar við síðara skotið. Hafi hann ætlað að hræða þá sem í bifreiðinni voru, en ekki hafi verið ætlunin að slasa neinn. Ekki liggur fyrir af hvaða færi ákærði skaut að bifreiðinni í fyrri skiptið, en af myndbandsupptöku úr öryggismyndavél verður ráðið að fjarlægðin var nokkur. Samkvæmt útreikningum lögreglu reið síðara skotið af á um 15 m færi, en ákærðu hafa borið að um lengri fjarlægð hafi verið að ræða, eða allt að 25 til 30 m. Fram kom hjá vitnunum Guðmundi Tómassyni og Jóhanni Vilhjálmssyni að ekki hafi verið kannað hvaða áhrif fyrirstaða af rúðu, sem högl lentu í, hefði á útreikninga á fjarlægð. Þá var ekki rannsakað hvort þrjár málmagnir sem fundust í farangursrými bifreiðarinnar væru hlutar úr höglum. Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið telst varhugavert að slá því föstu að ákærði Kristján Halldór hafi skotið á bifreiðina af um 15 m færi og verður lagt til grundvallar að færið hafi getað verið lengra. Jafnframt telst ósannað að högl hafi borist inn í bifreiðina í umrætt sinn. Samkvæmt framansögðu telst ekki nægilega sýnt fram á að ákærði hafi beitt skotvopninu með þeim hætti að mennirnir sem í bifreiðinni voru hefðu getað beðið bana af, eða að ásetningur ákærða hafi staðið til þess. Verður ákærði sýknaður af ákæru um tilraun til manndráps. Á hinn bóginn er til þess að líta að sú háttsemi ákærða að skjóta í tvígang af byssunni að bifreiðinni var sérlega ófyrirleitin. Hlaut hann að sjá það fyrir að með því stofnaði hann lífi og heilsu mannanna tveggja sem í bifreiðinni voru í augljósan háska. Verður ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem rakið hefur verið átti ákærði Tómas frumkvæði að fundinum með X, sem hann taldi sig eiga sökótt við. Kvaðst ákærði hafa mælt sér mót við X til að fá hann ofan af því að innheimta skuld hjá sér og leitaði hann liðsinnis ákærða Kristjáns Halldórs í því skyni. Kristján Halldór kvað þá Tómas hafa rætt um að hræða X til að láta af háttsemi sinni og hefðu þeir ákveðið að taka byssuna með á fundinn. Bar ákærðu saman um að þeir hefðu kvöldið áður skoðað byssuna í bílskúr í Breiðholti og sagði Kristján Halldór Tómas hafa geymt byssuna á heimili sínu um nóttina. Þá er framburður Tómasar um að hann hafi ekki áttað sig á því að byssan var meðferðis fyrir en síðara skotið reið af afar ótrúverðugur að mati dómsins. Verður lagt til grundvallar að ákærðu Tómas og Kristján Halldór hafi sammælt um að hafa byssuna með á fundinn í því skyni að fá X ofan af því að krefja Tómas um greiðslu skuldarinnar. Af myndbandsupptöku úr öryggismyndavél við Tangabryggju verður ráðið að Tómas hafi farið fyrir ákærðu á vettvangi. Sést hann sparka í bifreið X og hraða sér aftur í bifreið sína eftir að skot ríður af byssunni. Í framhaldinu upphófst eftirför og hafa ákærðu og vitnið Y borið að Tómas hafi ekið með miklum hraða á eftir bifreið X. Ákærðu Kristján Halldór og Axel Már báru að Kristján hefði setið í framsæti bifreiðarinnar meðan á eftirförinni stóð og hafi Tómas hvatt hann til að skjóta á bifreið X. Framburður ákærðu Kristjáns Halldórs og Axels Más um það sem átti sér stað í bifreiðinni ber þess þó merki að nokkuð sé gert úr hlut Tómasar, sem upplýsti um þátt hinna við lögreglurannsókn málsins. Hefur Tómas borið að Kristján Halldór hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar og er það í samræmi við framburð vitnisins Y. Samkvæmt því sem rakið hefur verið vissi Tómas að Kristján var vopnaður byssu, sem hann hafði skotið af að bifreið X. Allt að einu veitti hann bifreið X eftirför og var aksturslag hans til marks um að hann hafi reynt að nálgast bifreiðina til að komast í skotfæri við hana. Samkvæmt framansögðu þykir sannað að Tómas hafi sammælt Kristjáni Halldóri um að skjóta af byssunni að bifreið X. Það gerði Kristján í tvígang og gat Tómasi ekki dulist að sú háttsemi stofnaði lífi og heilsu mannanna tveggja sem í bifreiðinni voru í augljósan háska. Að mati dómsins er nægilega fram komið að ákærðu Tómas og Kristján Halldór hafi skipulagt verkið

í sameiningu og staðið jafnt að vígi við framkvæmd þess. Eins og ákæru er háttað verður ákærði Tómas sakfelldur fyrir hlutdeild í broti meðákærða og telst brot hans varða við 4. mgr. 220. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæru er háttsemi ákærða Axels Mús talin til hlutdeildarverknaðar, án þess að því sé lýst með hvaða hætti ákærði hafi veitt liðsinni við verknaðinn. Ákærði hefur borið að hann hafi ekki vitað um byssuna fyrir en Kristján Halldór skaut af henni við Tangabryggju. Fram er komið að ákærði slóst í för með meðákærðu með skömmum fyrirvara og ber ákærðu saman um að ekkert hafi verið rætt við hann um að byssa yrði höfð meðferðis. Þá hefur ákærði Kristján Halldór borið að hann hafi haft byssuna innanklæða í bifreiðinni á leiðinni að Tangabryggju. Með hliðsjón af framansögðu telst ósannað að ákærði hafi vitað um byssuna þegar hann hélt með meðákærðu til fundar við X. Þá verður ráðið af myndbandsupptöku úr öryggismyndavél að ákærði hafi lítið haft sig í frammi á vettvangi. Þótt ákærði hafi verið í bifreiðinni með meðákærðu meðan á eftirförinni stóð er ekkert komið fram um að hann hafi átt nokkurn þátt í því að skotið var öðru skoti að bifreið X. Enn fremur telst ósannað, gegn neitun ákærða, sem fær stuðning í framburði Kristjáns Halldórs, að ákærði hafi haft byssuna með sér heim síðar um kvöldið. Samkvæmt framansögðu verður ákærði Axel Mús sýknaður af þessum ákærulið.

#### *Ákæruliðir 2 til 4*

Ákærði Tómas hefur viðurkennt að hafa vitað af kylfu, sem lögregla lagði hald á í bifreiðinni AO-N18, sem hann hafði umráð yfir, og kvaðst hann hafa haft kylfuna með sér að heiman í umrætt sinn. Hann neitar hins vegar að hafa vitað af brúsa með úðavopni, sem fannst í bifreiðinni. Gegn neitun ákærða telst ósannað að hann hafi haft úðavopnið í vörslum sínum og verður hann sýknaður af ákæru þar um. Að öðru leyti er ákærði sakfelldur samkvæmt 2. ákærulið og er brot hans þar rétt heimfært til refsíákvæða.

Ákærðu Kristján Halldór og Axel Mús hafa hvor um sig skýlaust játað brot sín samkvæmt 3. og 4. ákærulið. Sannað er með játningu ákærðu og öðrum gögnum málsins að ákærðu eru sekir um þá háttsemi sem þeim er gefin að sök og eru brot þeirra rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

#### **Refsing, skaðabætur og sakarkostnaður**

Ákærði, Kristján Halldór Jensson, er fæddur í september 1980 og á hann allnokkurn sakaferil. Ákærði hlaut fyrst refsídóm 17. mars 1998, 15 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir þjófnað, gripdeild og rán. Hinn 29. desember 1998 var hann dæmdur í 16 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir þjófnað og var þá skilorðsdómurinn frá 17. mars 1998 dæmdur upp. Á árinu 2002 var hann dæmdur til að greiða 25.000 króna sekt fyrir fíkniefnalagabrot og 110.000 króna sekt fyrir sams konar brot á árinu 2003. Sama ár var hann dæmdur til að greiða 75.000 króna sekt fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og á árinu 2004 var honum gerð sekt fyrir ýmis brot, m.a. fíkniefnalagabrot. Með dómi 9. júlí 2004, sem staðfestur var í Hæstarétti 20. janúar

2005, var ákærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. og 106. gr. almennra hegningarlaga. Þá var ákærði hinn 25. febrúar 2005 dæmdur í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, og til greiðslu sektar fyrir þjófnað og hylmingu, en þar var um hegningarauka að ræða. Hinn 26. apríl 2006 var ákærði dæmdur til að greiða sekt fyrir fíkniefnalagabrot og 27. apríl 2007 gekkst hann undir lögreglustjórásátt fyrir sams konar brot. Með dómi Hæstaréttar 24. janúar 2008 var ákærði dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir brot gegn 231. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Þá var honum gerður hegningarauki 16. júlí 2009, sekt að fjárhæð 28.000 krónur, fyrir fíkniefnalagabrot og vopnalagabrot. Loks var ákærði 21. desember 2010 dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 226. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, en þar var um hegningarauka að ræða. Sama dag var ákærða veitt reynslulausn í tvö ár á 264 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 24. janúar 2008. Með brotum þeim sem ákærði er sakfelldur fyrir í máli þessu hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar og refsíðomsins frá 21. desember 2010. Verða eldri málin tekin til meðferðar jafnframt því máli sem nú hefur verið höfðað og ákærða gerð refsing í einu lagi, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga um fullnustu refsingar nr. 49/2005 og 60. gr. almennra hegningarlaga. Refsing verður tiltekin eftir reglum 77. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar ákærða verður litið til þess að atлага hans að X og Y var ófyrirleitinn og stórhættuleg. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár. Frá refsingu dregst óslitið gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 29. nóvember 2011.

Ákærði, Tómas Pálsson Eyþórsson, er fæddur í október 1986. Samkvæmt sakavottorði var ákærði dæmdur 2. mars 2006 í 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr., 226. gr. og 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Þá var ákærði 2. júní sama ár dæmdur í 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða verður ákveðin samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að ákærði er sakfelldur fyrir hlutdeild í hættulegri og ófyrirleitinni atlögu að brotaþolonum tveimur. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Frá refsingu dregst óslitið gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 21. nóvember 2011.

Ákærði, Axel Már Smith, hefur í máli þessu verið sýknaður af 1. ákærulið, en sakfelldur fyrir að hafa í vörslum sínum 8,78 g af maríjúana, sbr. 4. ákærulið. Ákærði sem er fæddur í desember 1978, gekkst á árunum 2009 til 2011 fjórum sinnum undir lögreglustjórásáttir fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis eða ávana- og fíkniefna og sviptur ökurétti. Þá var hann 12. október 2011 dæmdur í 10 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga. Brot ákærða, sem hann er nú sakfelldur fyrir, er smávægilegt og verður refsing fyrir það dæmd sér í lagi. Verður ákærði dæmdur til að greiða 66.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá dómsuppkvaðningu að telja, en sæti ella fangelsi í 6 daga.

Af hálfu Y hefur þess verið krafist að ákærðu verði dæmdir til þess að greiða sameiginlega miskabætur að fjárhæð 1.200.000 krónur auk vaxta. Ákærði Axel Már hefur verið sýknaður af ákæru að þessu leyti og verður bótakröfu því vísað frá dómi að því er hann varðar. Háttsemi ákærðu Kristins Halldórs og Tómasar fól í sér stórfellda og ólögmeða meingerð gagnvart Y, sem þeir áttu ekkert sökótt við. Á Y rétt á miskabótum úr hendi ákærðu, samkvæmt 1. mgr. 26. gr.

skaðabótalaga. Verða ákærðu dæmdir til að greiða Y sameiginlega miskabætur, sem teljast hæfilega ákveðnar 600.000 krónur, með vöxtum sem í dómsorði greinir.

Ákærða Tómasi verður gert að sæta upptöku á kylfu og ákærða Kristjáni Halldóri upptöku á fjórum brúsum af úðavopnum, samkvæmt 1. mgr. 37. gr. vopnalaga. Samkvæmt sama lagaákvæði verður gert upptækt úðavopn, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins, sbr. 2. ákærulið. Ákærði Axel Már sæti upptöku á 8,78 g af marjúana samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Axels Más Smith, Björgvins Jónssonar hrl., 1.079.300 krónur, auk aksturskostnaðar, 39.960 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Ákærði, Kristján Halldór Jensson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Reynis Loga Ólafssonar hdl., 1.292.650 krónur, auk aksturskostnaðar, 36.630 krónur. Ákærði, Tómas Pálsson Eypórsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar hrl., 891.050 krónur, auk aksturskostnaðar, 13.320 krónur, og þóknun skipaðs verjanda síns á rannsóknarstigi málsins, Guðmundar St. Ragnarssonar hdl., 276.100 krónur auk aksturskostnaðar, 39.294 krónur. Ákærðu, Kristján Halldór og Tómas, greiði sameiginlega 1.141.943 krónur í annan sakarkostnað, þ.m.t. þóknun réttargæslumanns brotaþola, Jóhönnu Sigurjónsdóttur hdl., 640.050 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna og réttargæsluþóknunar hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Héraðsdómarnir Ragnheiður Harðardóttir, Guðjón St. Marteinson og Ingimundur Einarsson kváðu upp dóminn.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Axel Már Smith, greiði 66.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá dómsuppkvaðningu að telja, en sæti ella fangelsi í 6 daga.

Ákærði, Kristján Halldór Jensson, sæti fangelsi í 4 ár. Frá refsingu ákærða dregst óslitið gæsluvarðhald frá 29. nóvember 2011.

Ákærði, Tómas Pálsson Eypórsson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Frá refsingu ákærða dregst óslitið gæsluvarðhald frá 21. nóvember 2011.

Ákærðu, Kristján Halldór og Tómas, greiði Y sameiginlega 600.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 18. nóvember 2011 til 22. mars 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Upptæk eru dæmd fimm úðavopn, kylfa og 8,78 g af marjúana.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða Axels Más, Björgvins Jónssonar hrl., 1.079.300 krónur, auk aksturskostnaðar, 39.960 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði, Kristján Halldór, greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Reynis Loga Ólafssonar hdl., 1.292.650 krónur, auk aksturskostnaðar, 36.630 krónur. Ákærði, Tómas, greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Bjarna Haukssonar hrl., 891.050 krónur, auk aksturskostnaðar, 13.320 krónur, og þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi málsins, Guðmundar St. Ragnarssonar hdl., 276.100 krónur, auk aksturskostnaðar, 39.294 krónur. Ákærðu, Kristján Halldór og Tómas, greiði sameiginlega 1.141.943 krónur í annan sakarkostnað, þ.m.t. þóknun réttargæslumanns brotþola, Jóhönnu Sigurjónsdóttur hdl., 640.050 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir

Guðjón St. Marteinsson

Ingimundur Einarsson